



MESSAÍC-DÚR

Náskólakórinn

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins



Langholtskirkja

Sunnudaginn 20. nóvember 2022 kl. 17.00

Mánudaginn 21. nóvember 2022 kl. 20.00

ÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM



Nú er fjórða bókin um
galdratrákinn Harry Potter
líka komin í glæsilegri,
myndskreyttri útgáfu!

 BJARTUR

Efnisskrá

Robert Schumann: Konsert fyrir selló og hljómsveit í a-moll op. 129
Ekki of hratt
Hægt
Mjög fjörlega
Einleikari: Hjörtur Páll Eggertsson

Hlé

Ludwig van Beethoven: Messa í C-dúr op. 86
Kyríe
Gloría
Credo
Sanctus – Benedictus
Agnus Dei

Bernadett Hegyi sópran
Hildigunnur Einarsdóttir alt
Eggert Reginn Kjartansson tenór
Ólafur Freyr Birkisson bassi

Háskólaórinn
Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

Stjórnandi sunnudaginn 20. nóvember 2022: Gunnsteinn Ólafsson
Stjórnandi mánudaginn 21. nóvember 2022: Stefan Sand

Meðleikari á kóræfingum: Guðríður St. Sigurðardóttir píanó

Messutexti

Kyrie

Kyrie eleison.
Christe eleison.
Kyrie eleison.

Gloria

Gloria in excelsis Deo.
Et in terra pax hominibus
bonæ voluntatis.
Laudamus te. Benedicimus te.
Adoramus te. Glorificamus te.
Gratias agimus tibi
propter magnam gloriam tuam.
Domine Deus, Rex cœlestis,
Deus, Pater omnipotens.
Domine Fili unigenite, Jesu Christe.
Domine Deus, Agnus Dei,
Filius Patris.
Qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.
Suscipe deprecationem nostram.
Qui sedes ad dexteram Patris,
miserere nobis.
Quoniam tu solus sanctus.
Tu solus Dominus.
Tu solus Altissimus,
Jesu Christe,
cum sancto Spiritu
in gloria Dei Patris. Amen.

Miskunnarbæn

Drottinn, miskunna þú oss.
Kristur miskunna þú oss.
Drottinn miskunna þú oss.

Dýrðarsöngur

Dýrð sé Guði í upphæðum
og friður á jörðu
og velþóknun yfir mönnunum.
Vér lofum þig, vér göfgum þig,
vér tignum þig, vér vegsömum þig
sakir mikillar dýrðar þinnar.
Drottinn Guð, himneski konungur,
Guð, Faðir almáttugur,
Drottinn, einkasonurinn Jesús Kristur
Drottinn Guð, Lamb Guðs,
Sonur Föðurins
þú sem berð syndir heimsins,
miskunna þú oss,
heyr vorar auðmjúku bænir.
Þú sem situr föðurnum á hægri hönd,
miskunna þú oss,
því að þú einn ert hinn heilagi,
þú einn ert Drottinn
þú einn ert hinn hæsti
Jesús Kristur
með Heilögum Anda
í dýrð Guðs Föður. Amen.

Credo

Credo in unum Deum,
Patrem omnipotentem,
factorem cœli et terræ,
visibilium omnium, et invisibilium.
Et in unum Dominum Jesum Christum,
Filium Dei unigenitum.
Et ex Patre natum
ante omnia secula.
Deum de Deo, lumen de lumine,
Deum verum de Deo vero.
Genitum non factum,
consubstantialem Patri:
per quem omnia facta sunt.
Qui propter nos homines,
et propter nostram salutem,
descendit de cœlis.
Et incarnatus est de Spiritu Sancto,
ex Maria virgine, et homo factus est.
Crucifixus etiam pro nobis
sub Pontio Pilato,
passus et sepultus est.
Et resurrexit tertia die
secundum Scripturas.
Et ascendit in cœlum:
sedet ad dexteram Patris.
Et iterum venturus est cum gloria,
judicare vivos et mortuos:
cujus regni non erit finis.
Et in Spiritum Sanctum,
Dominum, et vivificantem:
qui ex Patre et Filioque procedit.
Qui cum Patre et Filio

Trúarjátning

Ég trúi á einn Guð
föður almáttugan,
skapara himins og jarðar
alls hins sýnilega og ósýnilega.
Og á einn drottin, Jesú Krist
Guðs einkason
sem er fæddur af föðurnum
fyrir en tíminn varð til
(Hann er) Guð af Guði, ljós af ljósi,
sannur Guð af sönnnum Guði
getinn, en eigi gjörður,
hann er hinn sami og faðirinn,
og fyrir hann er allt skapað.
Vegna vor mannanna
og vorrar sáluhjálpar
steig hann niður af himni
klæddist holdi fyrir Heilagan Anda
af Maríu meyju, og gjörðist maður.
Hann var krossfestur fyrir oss
undir valdi Pontíusar Pilatusar,
var píndur og var grafinn
og reis á þriðja degi aftur upp
samkvæmt ritningunum
og steig upp til himna.
Hann situr við hægri hönd Föðurins
og mun aftur koma með dýrð
að dæma lifendur og dauða.
Á ríki hans mun enginn endir verða.
Og (vér trúum) á heilagan anda
sem er Drottinn, lífgjafinn,
sem út gengur af Föður og Syni
og með Föður og Syni

simul adoratur, et conglorificatur:

Qui locutus est per Prophetas.

Et unam sanctam Catholicam et Apostolicam
Ecclesiam.

Confiteor unum Baptisma
in remissionem peccatorum.

Et exspecto resurrectionem mortuorum.

Et vitam venturi sæculi. Amen

Sanctus

Sanctus, Sanctus, Sanctus

Dominus Deus Sabaoth.

Pleni sunt cœli et terra
gloria tua.

Osanna in excelsis.

Benedictus

Benedictus qui venit
in nomine Domini.

Osanna in excelsis.

Agnus Dei

Agnus Dei,
qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.

Agnus Dei,
qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.

Agnus Dei,
qui tollis peccata mundi,
dona nobis pacem.

er tilbeðinn og dýrkaður

og mælti af munni spámannanna,

og á eina heilaga, almenna og postullega
kirkju.

Ég játa að ein sé skírn
til fyrirgefningar syndanna

og vænti upprisu

dauðra og lífs hinnar komandi aldar. Amen.

Heilagur

Heilagur, heilagur, heilagur

Drottinn Guð allsherjar.

Fullir eru himnarnir og jörðin
af dýrð þinni.

Hósanna í upphæðum.

Blessaður

Blessaður sé sá sem kemur
í nafni Drottins.

Hósanna í upphæðum.

Lamb Guðs

Lamb Guðs,
sem burt ber heimsins syndir
miskunna oss

Lamb Guðs,
sem burt ber heimsins syndir
miskunna oss

Lamb Guðs,
sem burt ber heimsins syndir
Gef oss frið.



Róbert Schumann (1810 - 1856) er eitt þekktasta tónskáld rómantísku stefunnar í tónlist. Hann samdi fjölda verka fyrir píanó, einnig sönglög, kammerverk, konserta og hljómsveitarverk. Kunnustu verk hans eru Svipmyndir fyrir börn (Kinderszenen) fyrir píanó, ljóðaflokkurinn Ástir skáldsins, Rínarsinfónían nr. 3 og konsertar fyrir píanó og selló, báðir í a-moll. Schumann samdi sellókonsertinn seint á stuttri æfi eða árið 1850 og var ekki nema tvær vikur að ljúka við verkið. Konsertinn lá óhreyfður þar til hann var frumfluttur árið 1860 að Schumann látnum. Verkið er í þremur þáttum og tengjast þeir allir í einum samfelldum tónbálki. Tónmálið er innlegt og rómantískt, sérstakleg í hæga kaflanum þar sem tónskáldið leitar djúpt í viðkvæman vef tilfinninganna.



Ludvig van Beethoven (1770 - 1827) ólst upp í býskalandi á tímum klassískrar tónlistar en hélt ungur til Vínarborgar, gjörbylti þar hugmyndum manna um fagurfræði og ruddi rómantísku tónlistinni braut. Verk hans voru tilfinningaþrungin, jafnvel ofsafengin, hann gekk miklu lengra hljómfræðilega en klassísku tónskáldin Haydn og Mozart og lengu tónverkanna margfaldaðist. Þekktastur er Beethoven fyrir sínfóniur sínar, sérstaklega Hetjusinfóníuna nr. 3, Örlagasinfóníuna nr. 5, Sveitasinfóníuna nr. 6 og 9. sínfóníuna sem einnig er kölluð Óðurinn til gleðinnar. Þar sameinast kór og hljómsveit í fyrsta skipti í sínfónísku verki. Beethoven samdi Messu í C-dúr árið 1807 að beiðni Nikulásar Eszterházy greifa og frumflutti hana í höll greifans sama ár. Verkið er samið undir sterkum áhrifum frá Haydn. Form hvers kafla og skipting textans er nákvæmlega eins og Haydn lagði upp með í messum sínum en tónmálið er rómantískt og sannarlega í anda Beethovens.



Hjörtur Páll Eggertsson hóf sellónám fimm ára gamall. Fyrsti kennari hans var Örnólfur Kristjánsson og síðar stundaði hann frekara nám hjá Sigurgeiri Agnarssyni og Gunnari Kvaran. Eftir að hann lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2017 hélt Hjörtur til Kaupmannahafnar í framhaldsnám við Konunglega danska tónlistarháskólann undir handleiðslu Mortens Zeuthen og Toke Møldrup. Hjörtur Páll hefur komið reglulega fram með ýmsum kammerhópum og leikið einleik með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hjörtur er meðlimur Kammersveitarinnar Elju ásamt því að vera aukamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hjörtur Páll leikur á selló sem Hans Jóhannsson smíðaði handa honum árið 2016.



Bernadett Hegyi er ungversk sópransöngkona, búsett hér á landi. Hún nam söng í Búdapest og Pécs í Ungverjalandi og stundaði síðan framhaldsnám við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi og óperustúdíó Konunglegu Þjóðaróperunnar þar í borg. Helstu kennarar hennar voru Rita Dams, Andrew Schroeder og Sasja Hunnago. Á námsárunum í Hollandi hóf hún að syngja með söng-hópnum Opera2day, þar sem klassísk tónlist og óperur eru kynntar fyrir áheyrendum á óvenjulegan máta. Á meðal þess sem Bernadett hefur sungið eru titilllutverkið í *Madame Butterfly* eftir Puccini, Jóhannesarpassían eftir Bach, Messías eftir Händel, *Petite messe solennelle* eftir Rossini og C-dúr messa Schuberts auk ljóða- og óperukvölda.



Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi. Hildigunnur hefur einnig lokið B.A. prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hildigunnur stjórnar ÁR-kórnum í Reykjavík og Kvennakórnum Kötlu. Hildigunnur kennir söng við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Söngskólann Domus Vox og syngur m.a. með Schola cantorum og Cantoque Ensemble. Hildigunnur hefur sungið einsöng m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Barokksveitinni Brák og Kammersveit Reykjavíkur og frumflutt fjölda verka m.a. eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Ingibjörgu Yri Skarphéðinsdóttur og Kolbein Bjarnason. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014.



Eggert Reginn Kjartansson hóf söngnám árið 2007 við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Þórunni Guðmundsdóttur. Árið 2013 fluttist hann til Vínarborgar þar sem hann hélt áfram tónlistarnámi við Musik und Kunst Privatuniversität der Stadt Wien undir leiðsögn Uta Schwabe þaðan sem hann útskrifaðist haustið 2018. Ári síðar söng hann hlutverk Kolomán Zsupán greifa í óperettunni *Marizu* greifynju eftir Kálmán víðsvegar um Austurríki og Þýskaland. Á meðal verka sem Eggert Reginn hefur sungið eru Messías eftir Händel, h-moll messa Bachs og 9. sínfónía Beethovens. Hann hefur sungið burðarhlutverk í styttri útgáfum á óperum fyrir börn í Austurríki. Þar á meðal má nefna Max í *Galdraskyttunni* eftir Weber og Alfredo í óperunni *La Traviata* eftir Verdi. Nú nýlega söng hann hlutverk Fernandos í *Così van tutte* eftir Mozart í fyrstu óperuuppfærslu Kammeróperunnar á Íslandi.



Ólafur Freyr Birkisson bass-barítón nemur söng við Listaháskóla Íslands hjá Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristni Sigmundssyni og Disellu Lárusdóttur. Áður stundaði hann söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Agli Árna Pálssyni og Hrönn Þráinsdóttur. Ólafur hefur tekið þátt í óperuuppsetningum á Íslandi. Þar á meðal má nefna hlutverk Dantes í *Ekkert er sorglegra en manneskjan* eftir þá Friðrik Margrétar Guðmundsson og Adolf Smára Unnarsson, hlutverk Vigfúsar í *Mærböll* eftir Þórunni Guðmundsdóttur og þá söng hann Gisla í *Raven's Kiss* eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson. Ólafur hefur komið fram sem einsöngvari með Kór Langholtskirkju, þar á meðal í *Requiem* eftir Fauré og Jóhannesarpassíunni eftir Bach. Þá tók Ólafur Freyr þátt í tónlistarhátíðinni Seiglu sumarið 2022.



Gunnsteinn Ólafsson er fæddur á Siglufirði árið 1962 en ólst upp í Kópavogi. Hann stundaði nám í tónsmíðum við Franz Liszt-tónlistarakademiuna í Búdapest og í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. Gunnsteinn stofnaði Sinfóníuhljómsveit unga fólksins árið 2004 og tók við Háskólakórnum árið 2007. Hann er starfandi kórstjóri, hljómsveitarstjóri, tónskáld, kennari við LHÍ og listrænn stjórnandi Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði. Þá hefur Gunnsteinn skrifað barnabækur og fræðandi rit fyrir almenning um náttúru Íslands ásamt Páli Stefánssyni ljósmyndara.



Stefan Sand er danskur kór- og hljómsveitarstjóri, tónskáld og píanóleikari. Hann lauk námi í píanóleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn og hélt síðan áfram námi árið 2019 við tónlistardeild LHÍ í tónsmíðum hjá Úlfari Inga Haraldssyni og Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni og kór- og hljómsveitarstjórn hjá Gunnsteini Ólafssyni og Magnúsi Ragnarsyni. Samhliða námi sínu við Listaháskólann tekur hann þátt í hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir leiðsögn Evu Ollikainen, aðalstjórnaða hljómsveitarinnar og Kornilios Michailidis aðstoðarstjórnanda hennar. Stefan er aðstoðarkórstjóri Háskólakórsins og kennir á píanó við Tónlistarskóla Árþéjar.



Guðríður S. Sigurðardóttir píanóleikari lék með Háskólakórnum á æfingum. Hún hefur verið virk í tónlistarflutningi hér heima og erlendis í fjóra áratugi, komið fram með hljóðfæraleikurum, söngvurum og kórum sem og tónlistarhópum og hljómsveitum. Guðríður hefur verið einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið fram á vegum Tíbrár í Salnum, Listahátíðar í Reykjavík, Tónlistarfélagsins í Reykjavík, Kammersveitar Reykjavíkur og Kammermúsikklúbbsins. Erlendis hefur Guðríður leikið á tónleikum í Kanada, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Sviss og á öllum Norðurlöndunum. Hún er píanókennari og deildarstjóri píanódeilda Tónlistarskóla Kópavogs og meðleikari strengja- og bláðansnemenda.

Háskólakórinn var stofnaður árið 1972 og heldur því upp á fimmtugsafmæli sitt um þessar mundir. Kórinn hefur frá upphafi sungið við helstu samkomur Háskóla Íslands auk þess að halda sjálfstæða tónleika, innanlands og utan. Í kórnum syngja nemendur úr öllum deildum Háskóla Íslands og öðrum menntastofnunum á háskólastigi, íslenskir sem erlendir. Í kórstjóratíð Gunnsteins Ólafssonar hefur kórinn m.a. frumflutt ný verk Þóru Marteinsdóttur og Báru Grímsdóttur og gefið út tvo geisladiska með íslenskum kórverkum: Álfavísur árið 2011 og Kvöldlokku árið 2015. Þriðji diskurinn kemur út á þessu starfsári.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, er skipuð nemendum úr LHÍ, tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu og við tónlistarháskóla erlendis, flestum á aldrinum 13-25 ára. Einleikarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða eru nýkomnir heim frá námi. Sinfóníuhljómsveit unga fólksins er styrkt af Tónlistarsjóði, Reykjavíkurborg og Seðlabankanum. Tónskóli Sigursveins, MÍT og Tónlistarskóli Kópavogs veittu hljómsveitinni aðgang að aðstöðu sinni eða lánuðu henni hljóðfæri vegna þessara tónleika. Þeim er öllum þakkað fyrir ómetanlegan stuðning.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

1. fiðla

Tómas Vigur Magnússon
konsertmeistari
Sólrún Svava Kjartansdóttir
Ása Jónsdóttir
Magnús Torfason
Íris Torfadóttir
Júlía Guðmundsdóttir
Védís Ylfa Wilkins
Anna Hálfðanardóttir

2. fiðla

Isabel Cabezas Duenas
Steinunn Dís Öfjörð Sævarsdóttir
Embla Karen Egilsdóttir
Sóldís Perla Marteinsdóttir
Olga Ólafsdóttir Lövdahl
Hlín Erlendsdóttir
Óðinn Ýmisson

Vióla

Selma Elísa Ólafsdóttir
Arndís Ólafía Snorraddóttir
Úlfur Þórarinnsson
Linus Hüne
Eyjólfur Alfreðsson

Selló

Ágústa Bergrós Jakobsdóttir
Rún Árnadóttir
Högni Gunnar Högnason
Þór Pétursson
Rut Sigurðardóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Urður Eir Baldursdóttir

Kontrabassi

Jacek Karwan
Páll Hannesson

Flauta

Karen Jóna Steinarsdóttir
Vega Lövdahl

Óbó

Andreas Guðmundsson
Žarko Urošević

Klarinett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir
Íris Orradóttir

Fagott

Guðrún Erlendsdóttir
Berglind Bjarnadóttir

Horn

Daníel Jónsson
Atli Sigurðsson

Trompetar

Yrja Szabó
Pétur Arnþórsson

Pákur

Breki Freysson



Háskólaþórinn

Sópran

Agnes Jórunn Andrédóttir
Andrea Aukén Dyhr
Anna Bjarnsteinsdóttir
Bryndís Jóna Birgisdóttir
Delaney Lynn Dammeyer
Gabriella Snót Schram
Guðríður Halíma Essabiani
Guðrún Herdís Arnarsdóttir
Guðrún Rós Guðmundsdóttir
Heiður Regn Einars
Helene Kröll
Helga Rós Araujo Gunnarsdóttir
Ingunn Alda Sævarsdóttir
Kaja Katarzyna Dobrowolska
Kolbrún Matthíasdóttir
Lilian Frielinghaus
Luka Biedebach
Magdalena Maria Urbanek
Rebekka Brynja Garðarsdóttir
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Sólborg Birgisdóttir
Unnur Helga Vífilisdóttir

Alt

Anne Garcia
Antonia Hamann
Arngunnur Einarsdóttir
Diljá Þorkelsdóttir
Eleonora Viaggi
Faith Tse
Francesca Stoppani
Ingibjörg Marie Elefsen
Ísól Lilja Róbertsdóttir
Jess Lynn Webb
Jiayun Nie
Kelci Octave
Laura Bogner
Sophie Antonia Kass
Urður Gunnsteinsdóttir
Ýda Helgadóttir

Tenór

Eir Önnu Ólafsbúr
Ebb Mohr Vang
Guðbjörn Víðar Pálsson
Jakob Fjólur Gunnsteinsson
Jens Arinbjörn Jónsson
Per Apel Jensen
Snorri Björn Magnússon
Thomas Pierre Hammel
Una Kamilla Steinsen

Bassi


Christian Michael Barrera
Greipur Garðarsson
Guðlaugur Vignir Stefánsson
Ísak Ólafsson
Kjartan Skarphéðinsson
Konráð Atli Helgason
Linus Hüne
Mariusz Machcinski
Marton Agoston Dömök
Nicholas L. Borbely
Orri Jónsson
Rökkvi Hlér Ágústsson
Ryan Thomas Eckerson
Sindri Gunnsteinsson
Snorri Hjálmarsson
Teitur Sævarsson
Tryggvi Freyr Sigurgeirsson



Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Allt fyrir tónlistarmanninn
á einum stað

Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra
og nótnabóka fyrir allar
tegundir tónlistar og
leggur áherslu á góða og
persónulega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is